**Fáskrúðsfjarðarsókn**

**Skýrsla sóknar fyrir héraðsfund þann 24. apríl 2022.**

**Fáskrúðsfjarðarkirkja og kirkjugarður árið 2021.**

Þar sem covid hamlaði öllu eðlilegu kirkjustarfi og þátttöku í athöfnum, hér sem annars staðar, var reynt að koma til móts við þær aðstæður með því að bæta streymisbúnað kirkjunnar.  Var helgistundum og athöfnum að mestu leiti streymt, en jafnframt reynt að nýta tilslakanir á takmörkunum þegar þau færi gáfust til að koma saman, sérstaklega hvað varðaði barnastarfið, sem verið hefur vikulega yfir vetrartímann til margra ára.  Engar stórframkvæmdir hafa verið, heldur eingöngu viðhaldsvinna.  Stefnan hefur verið að halda kirkjunni vel við, eins og fjárhagur hefur leyft. Lægfærðir gluggar eftir þörfum, gert við skemmdir á á ytra byrði kirkjunnar og hún blettamáluð.  Kirkjugarði er vel sinnt og haldið áfram eftir áætlun að lagfæra hann.

**Kolfreyjustaðarkirkja og kirkjugarður árið 2021.**

Litlar athafnir, aðallega skírnir, voru nokkrar, en varðandi þær hefðir sem hafa skapast að vera með sérstakar helgistundir bæði sumar og vetur,( ljósamessur í skammdeginu og göngumessur í kvöldsól sumars, með trúar- og sögulegu ívafi) þá féllu þær niður vegna covid.  Viðhaldsviðgerðir hafa verið á gluggum, austurgafli og ytri kirkjudyrum.  Kirkjugarður er vel hirtur og snyrtilegur.

**f.h. Fáskrúðsfjarðarsóknar**,

Eiríkur Ólafsson, sóknarnefndarformaður.